

Mál nr. 11/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar N

Tjón á framdrifi bifreiðar þ. 22-25.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 27.1.2011.

Málsatvik.

M keypti bifreið á uppboði þ. 14.9.2010 og var bifreiðin afhent daginn eftir. Farið var með bifreiðina til smurningar hjá N og var henna síðan ekið frá Reykjavík til Akureyrar. Nokkru síðar varð M var við að eitthvað var að og fór með bifreiðina á verkstæði þar sem kom í ljós að framdrif hafði eyðilagst og telur M að það sé vegna þess að N hafi ekki sett olíu á drifið þegar bifreiðin kom þangað til smurningar. M segist hafa ekið bilnum alls um 1800 kílómetra frá því að hann keypti hann og þangað til að í ljós kom að framdrifið hafði eyðilagst. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu N hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og hefur eftir N að bifreiðin hafi verið yfirfarin vel og samviskusamlega og könnuð ástand á olíu á drifum ásamt öðrum liðum sem merkt sé við í smurbók. Starfsmenn N benda á að mögulegt sé að olía hafi lekið af bifreiðinni á leið til Akureyrar eða á starfssvæði bílasölu Akureyrar þar sem hún var geymd. V hafnar bótaábyrgð eins og að ofan greinir og segir að hvorki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli tjónsins og þjónustu N né heldur hafi verið sýnt fram á sök af hálfu vátryggingataka sem leiði til skaðabótaskyldu.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir sönnun þess að orsakatengsl sé á milli þjónustu N og þess að framdrif bifreiðar M eyðilagðist. Þá hefur ekki verið sýnt fram á með gögnum eða leiddar líkur að því að starfsmenn N hafi sýnt af sér skaðabótaskylda vanrækslu í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 22.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.